

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar innheimtir gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Sorprehinsunargjald greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2009 er gjaldið kr 10.771 á hverja sorptunnu.

Sorpeyðingargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2009 er gjaldið kr. 9.272 á hverja sorptunnu.

3. gr.

Gjöld vegna móttöku og/eða meðhöndlunar úrgangs á móttökustöð og frá fyrirtækjum eru sem hér segir:

	<i>Kr./kg án vsk</i>	<i>Kr./kg með vsk</i>
Óflokkað		
<i>Blandaður úrgangur</i>		
Úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil		
eða til sérstakrar meðhöndlunar	14,28	17,78
<i>Grófur úrgangur</i>		
Úrgangur sem sem þarf að flokka og vinna sérstaklega.		
Dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, veiðarfæri, húsgögn, jarðvegur, steinefni og gler	15,47	19,26

Flokkað

Til endurvinnslu eða frekari meðhöndlunar

Timbur

Hvítmálað, plasthúðað og blandað	13,22	16,46
Hreint ómálað timbur án aðskotahluta	6,61	8,23
<i>Málmar</i>	9,06	11,28
<i>Dagblöð/tímarit</i>	0	

Úrgangur sem ber úvinnslugjald

Umbúðir úr sléttum pappa 0

Filmuplast litlað og/eða áprentað, án aðskotahluta 0

Plastumbúðir tunnar, fötur og brúsar. Tómt og án aðskotaefna 0

Heyrúlluplast flokkað, án aðskotahluta 0

Hjólbarðar 0

Filmuplast, glært, óáprentað án aðskotahluta 0

Bylgjupappi, án aðskotahluta 0

Spilliefni; heimilt er að innheimta fyrir útlögðum kostnaði
v/spilliefna sem ekki bera úrvinnslugjald

Skv. gjaldskrá
þjónustuaðila spilliefna

Nr. 1262

19. desember 2008

4. gr.

Gjöld vegna móttöku og/eða meðhöndlunar úrgangs á söfnunarstöðvum eru innheimt af eftirfarandi flokkum:

- A. Fyrir allan úrgang frá fyrirtækjum, sem ekki ber úrvinnslugjald eða skilagjald.
- B. Almenningur greiðir fyrir úrgang sem ekki getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur s.s úrgangur vegna byggingar eða breytinga húsnæðis, úrgang frá bifreiðaviðgerðum, lagervörum og vegna húsdýrahalds.

Upphæðir móttökugjalda fara eftir flokkum úrgangs og eru sem hér segir:

Óflokkaður og óendurvinnanlegur úrgangur:

Móttökugjald skv. mælingu 2.300 kr./m³, lágmarksgjald er 1.150 kr.

Endurvinnanlegur úrgangur svo sem timbur og járn:

Móttökugjald skv. mælingu 1.150 kr./m³, lágmarksgjald er 575 kr.

5. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. fylgir reglum um gjalddaga fasteignagjalda og er skipt jafnt niður á þá. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3. og 4. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 18. desember 2008, með stoð í 7. gr. samþykktar nr. 153/2000 um sorphreinsun í Fjarðabyggð og sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og -eyðingu í Fjarðabyggð nr. 395/2008 með áorðnum breytingum.

Fjarðabyggð, 19. desember 2008.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Helga Jónsdóttir bæjarstýra.

B-deild – Útgáfud.: 20. janúar 2009